

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um fasteignaskatt á Akureyri, nr. 43 6. marz 1963.

1. gr.

2. gr. hljóði svo:

Fasteignaskattur skal miðast við fasteignamatsverð og vera sem hér segir:

- a. 6% af virðingarverði byggðra lóða.
- b. 3% af virðingarverði húsa og annarra mannvirkja.
- c. 1.5% af virðingarverði túna, garða, reita, erfðafestulanda og annarra lóða og lenda.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Akureyrar, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 69 28. apríl 1962, 5. gr. sbr. 3. gr., til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 12. desember 1967.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

GJALDSKRÁ

fyrir hitaveitu Kópavogs.

I. KAFLI**1. gr.**

Hitaveita Kópavogs selur afnot af heitu vatni úr veitukerfum þeim, sem gerð hafa verið eða verða gerð, eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Hitaveita Kópavogs lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til fullrar hitunar á húsinu, enda séu ofnar hússins nægilega stórir, að dómi Hitaveitu Kópavogs.

Verður vatnsrennsli að húsinu takmarkað um hemil, eftir því sem þörf krefur.

II. KAFLI**3. gr.**

Fyrir afnot heita vatnsins skal greiða í fastagjald kr. 0.50 fyrir hvern rúm-metra hússins á mánuði og í neytlugjald kr. 13.00 fyrir hvern rúm-metra vatns, miðað við oliuverð þann 1. nóvember 1967. Þar til vatnsmælir hefur verið settur upp, og ef vatnsmælir bilar, áttlar Hitaveita Kópavogs vatnsnotkunina með hliðsjón af hitaþörf hússins eða fyrri neyflu.

4. gr.

Hitaveitugjöld skv. 3. gr. verða krafín mánaðarlega, þegar eftir mælaálestur. Þó er heimilt að láta líða lengri tíma en einn mánuð á milli álestra og fækka gjalddögum.

5. gr.

Gjalddagi hitaveitugjalda er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Sé reikningur ekki greiddur við fyrstu sýningu, ber gjaldanda að greiða hann, þar sem Hitaveita Kópavogs ákveður. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 10 daga frá gjalddaga.

6. gr.

Heimæðagjald Hitaveitu Kópavogs skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

Rúmmál húss (utanmál) m ³	Stofn- gjald							
allt að 500	30 000	kr.						
500 — 2000	30 000	—	fyrir	500 m ³	—	20.00	kr./m ³	þar yfir
2000 — 6000	60 000	—	—	2000	—	17.00	—	—
6000 — 10000	128 000	—	—	6000	—	15.00	—	—
meira en 10000	188 000	—	—	10000	—	13.00	—	—

Nú eru fleiri en eitt hitunarkerfi í húsinu með sérstökum mælum frá Hitaveitu Kópavogs og skal þá greiða kr. 4 500.00 í aukagjald fyrir hvern mæli umfram hinn fyrsta.

7. gr.

Hitaveitu Kópavogs er heimilt að breyta fastagjöldum og heimæðagjöldum í hlutfalli við vísitölu byggingarkostnaðar, en vatnsgjöldum í hlutfalli við olíuverð.

8. gr.

Heimæðagjald hitaveitunnar fellur í gjalddaga við samþykkt byggingarleyfis. Heimilt er að veita gjaldfrest til þriggja ára á $\frac{1}{3}$ hluta gjaldsins.

9. gr.

Öll gjöld skv. gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

10. gr.

Hitaveita Kópavogs hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð viðskiptamanns, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með 5 daga fyrirvara.

Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá, er vanskilum veldur, kr. 25.00 hverju sinni.

11. gr.

Eftirlitsmanni Hitaveitu Kópavogs skal hvenær sem er frjáls aðgangur að öllum hemlum, mælum, hitagjöfum og vatnsæðum, sem eru í sambandi við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrir mælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytið, 18. desember 1967.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.